15. 50 åra hrakningar.

Hannes Hansson, "Matros".

1½ blað fol.

# 50 ára hrakningar.

Hannes Hansson, sjómaður, venjulega kallaður „Matros", er fæddur á Litlahrauni í Stokkseyrarhrepp (nú Eyrarbakkahrepp) árið

~~Foreldrar~~ Faðir hans ~~voru~~ hét Hans Hansson, bróðir þeirra Sigurðar Hanssonar steinsmiðs í Reykjavík og Hannesar Hanssonar pósts í Reykjavík. Þeir eru föðurbræðrasynir Hannes „Matros" og Hans núverandi póstur hér í Reykjavík. Móðir Hannesar „Matross" var Sigríður Jónsdóttir ættuð frá Seljatungu í Gaulverjabæjarhreppi. Þau Hans og Sigríður giftust á Litlahrauni og voru þá hjá Þórðar sál. Guðmundsens, Kammeráðs og Sýslumanns í Árnessýslu. Eignuðust þau Hans og Sigríður 3 börn, Hannes þann er hér er nefndur, Jón, sem dó á Holdsveikraspítalanum í Laugarnesi .... og Sigríði? móður Sigurhans Hannessonar smiðs hér í Reykjavík.

Eptir missi konu sinnar giptist Hans gamli Hansson ekkjunni Helgu Gunnlaugsdóttur í Efraseli í Stokkseyrarhreppi, mestu myndar- og gæðakonu og ólust bræðurnir þar upp til 10 eða 12 ára aldurs, en vegna fátæktar þeirra hjóna, Hans og Helgu, urðu þau að skilja. Varð Jón eptir hjá ~~fóstru~~ stjúpu sinni, en Hans og Hannes fóru í sveitina og lentu á Grjótlæk í Stokkseyrarhreppi, hjá Guðmundi nokkrum Lafranzsyni er þar bjó x og dó Hans gamli þar xx að því er sagt var úr hungri og harðrétti og var þetta um það kveðið:

Hans er dauður, hanns við nauðir skilinn.
Litlu brauði fékk hann frá,
fagra [illegible] Gvendur má.

Hannesi var ekki viðvært í Grjótlæk eptir dauða föður síns og strauk þaðan hvað eptir annað, unz hreppstjórinn kom honum fyrir sem viktapilti eða smaladreng, frá nýfermdum til Einars Filippussonar bónda í Hamrahól í Holtum. Hjá honum var hann í ár en fluttist þá að Ríkshalakoti í sama hreppi til Brynjólfs (Sigurðssonar) er þar bjó. Þar var

x er síðar fluttist í Suðurnes, en nú mun vera látinn.

xx á Grjótlæk

# 50 ára hrakningar.

Hannes Hansson, sjómaður, venjulega kallaður „Matros“, er fæddur í Litlahrauni í Stokkseyrarhrepp (nú Eyrarbakkahrepp) árið

~~Foreldrar~~ Faðir hans ~~voru~~ hét Hans Hansson, bróðir þeirra Sigurðar Hanssonar steinsmiðs í Reykjavík og Hannesar Hanssonar pósts í Reykjavík. Þeir eru því bræðrasynir Hannes „Matros“ og Hans núverandi póstur hér í Reykjavík. Móðir Hannesar „Matross“ var Sigríður Jónsdóttir ættuð frá Seljatungu í Gaulverjabæjarhreppi. Þau Hans og Sigríður giftust á Litlahrauni og voru þá hjá Þórðar sál. Guðmundssen, Kammeráði og Sýslumanns í Árnessýslu. Eignuðust þau Hans og Sigríður 3 börn, Hannes þann er hér er nefndur, Jón, sem dó á Holdsveikraspítalanum í Laugarnesi .... og Sigríði? móður Sigurhans Hannessonar smiðs hér í Reykjavík.

Eptir missi konu sinnar giptist Hans gamli Hansson ekkjunni Helgu Gunnlaugsdóttur í Efraseli í Stokkseyrarhreppi, mestu myndar- og gæðakonu og ólust bræðurnir þar upp til 10 og 12 ára aldurs, en vegna fátæktar þeirra hjóna, Hans og Helgu, urðu þau að skilja. Varð Jón eptir hjá ~~fóstru~~ Stjúpu sinni, en Hans og Hannes fóru á sveitina og lentu á Grjótlæk í Stokkseyrarhreppi, hjá Guðmundi nokkrum Lafranzsyni er þar bjó^x og dó Hans gamli þar^xx að því er sagt var úr hungri og harðrétti og var þetta um það kveðið:

Hans er dauður, hans við nauðir skilinn.
Litlu brauði fékk hann frá,
Fagna kaudum Gvendur má.

Hannesi var ekki viðvært í Grjótlæk eptir dauða föður síns og strauk þaðan hvað eptir annað, og hreppstjórinn kom honum fyrir sem vikapilti eða smaladreng, þá nýfermdum til Eiríks Filippussonar bónda í Hamrahól í Holtum. Hjá honum var hann í ár en fluttist þá að Rifshalakoti í sama hreppi til Brynjólfs (Sigurðssonar) er þar bjó. Þar var

x er síðar fluttist í Suðurnes, en nú mun vera látinn.

xx í Grjótlæk

Hannes í  ár, og fluttist eptir það að Eystri-Móhúsum í Stokkseyrarhreppi til Jóns bónda Jónssonar er þar bjó. Í öllum þessum stöðum, átti Hannes illa æfi og sízt betra í Móhúsum, átti hann að hirða fé bónda og varð að liggja mánuðum saman haust og vor í beitarhúsi langt uppi í Breiðumýri og er fljótlaust klukkutíma gangur frá Móhúsum í beitarhúsið. Telur Hannes það hafi verið eitt sitt versta verk á æfi sinni að standa þar yfir harðbeittum sauðum í hvaða veðri sem var á veturna og eiga svo engu öðru að að hverfa er í beitarhúsið kom, en að leggjast hundvotur og sársvangur á torfbálkinn og í götuna í svarta myrkri án þess að hafa ljós-týru til að lýsa fyrir sér með eða heitan sopa að drekka eða svo af sér leirinn og forina, enda hugðist hann að vegna að komast þaðan sem fyrst að færi gæfist og tókst honum að losna á sama hátt og opt áður með því að strjúka úr vistinni. Fór hann þá til Reykjavíkur og komst til Sigurðar sál. Jónssonar fangavarðar; var hann þar við ýmsa vinnu um  ára skeið uns hann réðist í skip er fór til útlanda.

Er nú Hannes sjálfur látinn segja frá því er á daga hans hefur drifið síðan.